Reykjavík

# Sigfús Halldórsson



## Málverkasýning að Kjarvalsstöðum

25. jan. til 10. feb.



Allt frá því Sigfús Halldórsson hóf að teikna og mála, hefur líf í borgum og bæjum verið honum hugleikið yrkisefni. Þar hefur Reykjavík haft nokkra sérstöðu, enda fæddist Sigfús þar hinn 7. september, árið 1920. Hann ólst upp í gamla bænum, þar sem hann lærði fljótt að þekkja hvern krók og kima og skjalfesta áhrif umhverfisins á pappír og striga. Í þeim efnum varð nám í leiktjaldamálun, í Oxford á Englandi, honum notadrjúgur skóli, þótt leiksviðið yrði með tímanum of stórt til að nokkurt leikhús gæti borið það.

Það hentaði Sigfúsi nefnilega illa að hugsa list sína einvörðungu innan fjögurra veggja. Því fór hann að dæmi impressionistanna frönsku og gerði sjálft bæjarlíf höfuðstaðarins að sviðsmynd listar sinnar. Gamlar byggingar og sérkennileg stræti urðu honum óþrjótandi uppspretta og þangað sækir hann ennþá andlegan forða í málverk sín og teikningar.

Þannig hefur gamla Reykjavík mótað tjáningu og stíl Sigfúss. Hann hefur leitast við að túlka bæinn í öllum sínum margslungnu blæbrigðum og jafnan lagt áherslu á birtu og litróf yrkisefnisins. Sama húsið getur verið síbreytilegt eftir því hvernig birtan fellur á það. Það skiptir litum eftir árstíðum og veðurfari, engu síður en gróðurinn, enda lifandi hlutur þótt lífvana virðist.

Það er einmitt aðall Sigfúss sem listamanns, að honum tekst í myndum sínum að gæða húsin og strætin því lífi sem þau eru full af í raunveruleikanum. Þetta gerir hann með næmu litavali sínu og lipurri teikningu. Að baki liggur ómæld vinna, því hvernig sem viðrar, heldur Sigfús með teikniblokk sína, krítarmola og vatnsliti út á stræti Reykjavíkur og skráir þar hughrif sín af borginni. Ávöxtur þessa er auðsær á sýningu hans að Kjarvalsstöðum, en hún mun vera 7. Reykjavíkursýningin sem Sigfús heldur.

*Halldór Björn Runólfsson*

# Númer og heiti mynda

1 Tómas Guðmundsson, skáld (gjöf til Reykjavíkurborgar)
2 „Þá getum við í gleði okkar gengið suður Laufásveginn" (einkaeign)
3 Davíð Oddsson, borgarstjóri (eign listamannsins)
4 Guðmundur Guðjónsson, söngvari (eign listamannsins)
5 Indriði G. Þorsteinsson, rithöfundur (eign listamannsins)
6 Kristján Karlsson, rithöfundur (eign listamannsins)
7 Miðbæjarskólinn og Fríkirkjan
8 Úr Hljómskálagarðinum
9 Á Grundarstíg
10 Póstmeistarahúsið við Laufásveg
11 Guðmundur G. Hagalín, rithöfundur (eign listamannsins)
12 Jónas Guðmundsson, rithöfundur (eign listamannsins)
13 Halldór Laxness, rithöfundur (eign listamannsins)
14 Af Suðurgötu
15 Horft í Vonarstræti
16 Njálsgata
17 Gamli Iðnskólinn og Iðnaðarbankinn
18 Sunnudagur við Tjörnina
19 Helgi Sæmundsson, rithöfundur (eign listamannsins)
20 Jón Björnsson, rithöfundur (eign listamannsins)
21 Pétur Pétursson (eign listamannsins)
22 Sigfús, (einkaeign)
23 Silungapollur
24 Leifsgata
25 Bergstaðastræti
26 Á frídegi
27 Helga, (einkaeign)
28 Yngvi Páll (einkaeign)
29 Sumardagur
30 Hús Borgþórs Jósefssonar við Laufásveg
31 Um haust
32 Skautasvell á Tjörninni
33 Skothúsvegur
34 Við Túngötu
35 Við Kirkjutorg
36 Alfreð Guðmundsson, forstöðumaður (eign listamannsins)
37 Gunnar Reynir Sveinsson, tónskáld (eign listamannsins)
38 Bragi Ásgeirsson, listmálari (eign listamannsins)
39 Arnarhváll
40 Við Lækjartorg
41 Skammdegi í Vesturbænum
42 Vilhjálmur frá Skálholti, skáld (einkaeign)
43 Haust í Reykjavík
44 Við Ingólfsgarð
45 Þorkell Sigurbjörnsson, tónskáld (eign listamannsins)
46 Jón Þórarinsson, tónskáld (eign listamannsins)
47 Ævar R. Kvaran, leikari (eign listamannsins)
48 Jón Ásgeirsson, tónskáld (eign listamannsins)
49 Þóra Kristjánsdóttir, listráðunautur (eign listamannsins)
50 Selbrekkur við Vesturgötu
51 Silungapollur
52 Við Silungapoll (einkaeign)
53 Vífilfell
54 Kvöld við flóann
55 Vitastígur
56 Íþaka og Menntaskólinn
57 Skólabrú
58 Við Lindargötu
59 Kirkjugarðsstígur
60 Bergstaðastræti
61 Ráðherrabústaðurinn
62 J.C. Klein
63 Horft frá Hlíðarenda
64 Vetrardagur við Tjörnina
65 Austurstræti
66 Sólskin á Lækjartorgi
67 Bræðraborgarstígur
68 Austurbæjarskólinn og Hallgrímskirkja
69 Horft yfir Tjörnina
70 Laufásvegur
71 Við Torfuna
72 Frá Lauganestanga
73 Þingholtsstræti
74 Á Austurvelli
75 Í Tjarnarborg
76 Vordagur á Lækjartorgi
77 Við Fógetagarðinn
78 Hús við Tjarnargötu

# Númer og heiti mynda

79 Horft af Laufásvegi
80 Fríkirkjuvegur
81 Horft frá Vonarstræti
82 Laufásvegur 5
83 Lækjargata
84 Af Ægissíðu
85 Þingholtsstræti
86 Bjartur dagur í Reykjavík
87 Iðnó
88 Á Lækjartorgi
89 Landshöfðingjahúsið
90 Beðið eftir strætó
91 Minnismerki Ólafs Thors
92 Gimli
93 Kvöld í Lækjargötu
94 Niðurrif Fjalakattarins
95 Febrúarsól við Ægissíðu
96 Hafnarstræti
97 Austurvöllur
98 Horft yfir kvosina
99 Bókhlöðustígur
100 Vestast í vesturbænum
101 Stjórnarráðshúsið
102 Haust
103 Kvöldsól við Tjörnina
104 Dómkirkjan og Alþingishúsið
105 Minnismerki Séra Friðriks
106 Páll Gíslason, læknir (eigendur Soffía og Páll Gíslason)
107 Haðarstígur
108 Á fornum slóðum
109 Sumarkyrrð
110 Við Vesturgötu
111 Grjótagata
112 Hótel Holt
113 Horft af Hellusundi
114 Bjarnaborg
115 Vetur á Vesturgötu
116 Í Garðastræti
117 Kvöldhúm í Grjótaþorpi
118 Vesturgata
119 Skautað á Tjörninni
120 Kvöld við Tjarnarbakkann
121 Sólvallagata
122 Hús við Mýrargötu
123 Tjarnargata
124 Við Bergstaðastræti
125 Horft úr barnaskólaportinu
126 Verklegar framkvæmdir
127 Hús við Laufásveg
128 Bátur í Örfirisey
129 Haust í Örfirisey
130 Við Skothúsveg
131 Á æskuslóðum
132 Hér stóð Hótel Ísland
133 Laufásvegur
134 Vetrarsól við Ægissíðu
135 Horft til suðurs
136 Við fógetagarðinn
137 Válastígur
138 Síðdegi við Ægissíðu (eigendur, Kolbrún og Kristján Ómar Kristjánsson)
139 Í Örfirisey (eigendur, Guðrún og Eyjólfur Jónsson)
140 Skálholtsstígur (eigendur, Helga og Hafsteinn Guðmundsson)
141 Það sem var
142 Miðstræti
143 Austurstræti
144 Við Tjörnina
145 Austurstræti
146 Við Vesturgötu
147 Gömul verslunarhús við Vesturgötu (eigandi, Sigurður Ingvarsson)
148 Esja (eigandi, Grímur Guðmundsson)
149 Fjaran við Sörlaskjól (einkaeign)
150 Horft í Bröttugötu (einkaeign)
151 Á Laufásvegi
152 Kvöld við höfnina

Myndir innrammaðar hjá Innrömmun Renate

